

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Vonarstræti 4
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. E 138/710
komudagur 11.12.2009

Reykjavík, 11. desember 2009


Efni. Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til Frumvarp um umhverfis- og auðlindaskatta (heildarlög, kolefnisgjald og skattur á raforku og heitt vatn), 257. mál Tilv. 2009120007

Þessir fyrirhuguðu skattar myndu leggjast á rafmagn bensín og olíur sem eru stórir rekstrarliðir í landbúnaði og kæmu þar til viðbótar gríðarlegum aðfangahækkunum sem þegar hafa orðið. Þessir skattar myndu hækka flutningsgjöld og yrðu þannig sérstakur landsbyggðarskattur.

Því til viðbótar er hætta á að orkufyrirtækin munu stórhækka verð á raforku innan fárra missera vegna slæmrar skuldastöðu. Mikil hækkun á heitu vatni kæmu í kjölfarið a.m.k. hjá stóru hitaveitunum sem kæmi fyrirsjáanlega hart niður á garðyrkjubændum og skipti verulegu máli fyrir alla bændur. Þarna væri um að ræða enn aukinn orkukostnað á landsbyggðarfólk- og fyrirtæki til viðbótar þeim miklu hækkunum og auknu mismunun sem leiddi af uppskiptingu á framleiðslu og dreifingu á raforku. Við upptöku nýrra skatta þarf að leita leiða til að jafna þennan mismun aftur. Megnið af raforkunni er framleitt á landsbyggðinni og megnið af flutningskerfi raforku hefur verið lagt bótalítið um dreifbýlið. Mismunun í raforkukostnaði milli þéttbýlis og dreifbýlis er m.a. af þeirri ástæðu óþolandi.

Aðalatriðið er þó að þessi nýja skattlagning mun koma fram sem verðhækkun á innlendum matvörum, helstu neysluvörum heimilanna, og þannig skerða lífskjör alls almennings. Eins og aðrar skattabreytingar sem leggjast á vöru og þjónustu munu þessir skattar hafa áhrif á verðbólgu og þar með verðtrygð lán.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri